

Tenging hjólanets höfuðborgarsvæðisins við umliggjandi þjóðvegi

16. ráðstefnan um rannsóknir Vegagerðarinnar 27. október 2017 – Ágrip af erindi

Hörður Bjarnason, vega- og umferðarverkfræðingur M.Sc. – Mannvit
hb@mannvit.is

Skýrsluna er hægt að nálgast á vefslóðinni:

<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/>

Undanfarin ár hefur orðið mikil aukning vegfarenda sem nota hjól sem samgöngumáta. Hjólréiðamenn verða sífellt meira áberandi á Íslandi og þá hefur einnig orðið töluverð fjölgun erlendra hjólréiðamanna.

Óljóst er á hvaða hátt hjólréiðamenn sem ferðast um þjóðvegi landsins eru leiddir inn á hjólanet/stígakerfi höfuðborgarsvæðisins. Felur það í sér ákveðna hættu og óöryggi fyrir alla vegfarendur, sérstaklega fyrir hjólréiðamenn sem ekki þekkja aðstæður.

Þess vegna er afar mikilvægt að tryggja öryggi hjólréiðamanna og auka aðgengi þeirra í samgöngukerfinu. Þegar hjólréiðamaður sem ekki þekkir aðstæður hjólar á þjóðvegum í dag og nálgast höfuðborgarsvæðið er ekki víst að hann viti hvar öruggast er að hjóla. Ákveðin hættu er á því að hann hjóli rakiðis inn í stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins með tilheyrandi hættu fyrir hjólréiðamanninn sjálfan sem og aðra akandi vegfarendur.

Verkefnið snerist um að kanna þá staði og aðstæður þar sem helstu þjóðvegir tengjast þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu. Um var að ræða þrjár staðsetningar; Reykjanesbraut við Hafnarfjörð, Suðurlandsveg við Reykjavík og loks Vesturlandsveg og Þingvallaveg við Mosfellsbæ. Á þessum stöðum var gerð greining á mögulegum hjólatengingum milli þjóðvega og stíga og ákveðnar útfærslur valdar, t.d. hvað varðar skilti og merkingar.

Tilgangur þessa verkefnis var að auka öryggi vegfarenda, sér í lagi hjólréiðamanna. Með því að beina þeim frá stofnvegum höfuðborgarsvæðisins er komið í veg fyrir óæskilegar og hættulegar aðstæður þar sem hjólréiðamenn ókunnugir aðstæðum leiðast óviljandi inn á stofnbrautir þar sem umferðarhraði er hár og umferð mikil. Markmið verkefnisins var því að tryggja að hjólréiðamenn ferðist þar sem það er tryggast með öryggi allra vegfarenda að leiðarljósi.

Uppsetning verkefnisins var tiltölulega einföld:

- Skoðun aðstæðna og greining á umferðaröryggi á hverjum stað fyrir sig. Haft var samband við viðkomandi sveitarfélög til að tryggja gott og farsælt samstarf sem og til að leita upplýsinga varðandi núverandi ástand sem og áætlanir til framtíðar.
- Úrvinnsla gagna og lýsing á ákveðnum aðgerðum sem ætlað er að bæta umferðaröryggi (t.d. nýjar tengingar milli þjóðvega og stíga og uppsetning skilta). Annars vegar var skoðað hvað hægt er að framkvæma nú þegar með tiltölulega einföldum aðgerðum til að bæta öryggi og aðstæður vegfarenda. Hins vegar var framtíðarsýnin skoðuð og hvaða aðgerðir eru t.d. settar fram á aðalskipulagi sveitarfélaga.
- Gróf kostnaðaráætlun var sett fram fyrir hvern stað fyrir sig.
- Gerðir af merkingum og vegvísun var skoðuð og mögulegar lausnir settar fram í þeim efnunum.